



## Siðareglur HSÍ

### Stjórnarmenn, starfsfólk, nefndarmenn og aðrir sem koma fram í nafni sambandsins skulu:

1. Standa vörð um gildi og markmið sambandsins.
2. Standa vörð um hagsmuni HSÍ.
3. Vera til fyrirmyndar í framkomu og taka alvarlega ábyrgð sína gagnvart sambandinu og sambandsaðilum.
4. Leggja áherslu á lýðræðislega og gegnsæja ákvarðanatöku og vinnubrögð. Leggja sig fram um að virkja sem flesta til starfa fyrir hreyfinguna og halda félagsmönnum og öðrum hagsmunaaðilum vel upplýstum um framgang þeirra verkefna sem unnið er að.
5. Stuðla að jöfnum tækifærum allra til þátttöku í starfsemi sambandsins.
6. Leysa ágreining á sanngjarnan hátt og til samræmis við reglur og venjur sambandsins.
7. Nota aldrei aðstöðu sína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað sambandsins.

### Þjálfarar

1. Vera landsliðsfólki góð fyrirmynd utan vallar sem innan.
2. Sporna gegn óíþróttalegri og niðurlægjandi hegðun.
3. Stuðla að jákvæðri hegðun og framkomu liða sem þeir þjálf.
4. Stuðla að heiðarleika.
5. Vera réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart iðkendum sínum. Sýna störfum dómara og annara starfsmanna virðingu.
6. Vinna með öðrum þjálfurum og sérfræðingum með það að markmiði að bæta árangur liðsins og auka veg íþróttarinnar í heild.
7. Beita aldrei kynferðislegu, líkamlegu eða andlegu áreiti eða ofbeldi.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands





## Landsliðsmenn

1. Rækta hlutverk sitt sem fyrirmynd ungra iðkenda af virðingu.
2. Sýna dómurum, starfsmönnum, andstæðingum, meðspilurum og öðrum sem koma að framkvæmd leiksins virðingu.
3. Vera heiðarlegur og sanngjarn við þjálfara og aðra sem koma að liðinu.
4. Samþykkja aldrei né sýna ógnandi eða ofbeldisfulla hegðun.
5. Taka ábyrgð á framförum sínum og þroska.
6. Neyta aldrei ólöglegra lyfja til að bæta árangur.

## Dómarar

1. Sýna leikmönnum, þjálfurum og starfsmönnum leiksins virðingu.
2. Sýna heilindi í starfi sem samræmist reglum, siðum og venjum sambandsins.
3. Vera til fyrirmyndar í framkomu og hegðun.

## Áhorfendur

1. Styðjum okkar lið heiðarlega.
2. Verum jákvæð jafnt í meðbyr sem mótbýr.

Öllum er bannað að taka þátt í hver kyns veðmálum í tengslum við leiki sem þeir eru þátttakendur í eða koma að.

*Samþykkt af stjórn HSÍ 8. október 2013.*

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

